Umsögn skólastjóra Grunnskólans í Hveragerði í samráðsgátt um bráðabirgðaákvæði í aðalnámskrá grunnskóla um notkun talnakvarða í námsmati við lok grunnskóla skólaárið 2026-2027

15.10.2026

11 - Sævar Þór Helgason

Umsögn um mál S-193/2026 – Bráðabirgðaákvæði um notkun talnakvarða í námsmati við lok grunnskóla skólaárið 2026–2027

Ég tek undir þau markmið mennta- og barnamálaráðuneytisins að gera námsmat í grunnskólum skýrara og einfaldara. Mikilvægt er að námsmat sé réttmætt og áreiðanlegt, styðji við nám og framfarir nemenda og veiti þeim og foreldrum þeirra gagnlegar upplýsingar um námsárangur.

Núverandi einkunnakerfi er ekki hafið yfir gagnrýni og full ástæða er til að endurskoða það. Hins vegar tel ég að fyrirhugaðar breytingar á einkunnagjöf við lok grunnskóla séu ekki nægilega vel undirbúnar. Skynsamlegra væri að gefa skólasamfélaginu tíma til að vinna að heildstæðum umbótum í námsmati.

Erum við að byrja á réttum enda?

Mikilvægt er að greina á milli námsmats og þess einkunnakerfis sem notað er til að birta niðurstöður þess. Breyting á einkunnakvarða er ekki það sama og umbætur í námsmati.

Við getum skipt bókstöfum út fyrir tölur án þess að breyta í raun nokkru um gæði námsmatsins. Áskoranir varðandi réttmæti, áreiðanleika, samræmi og upplýsingagildi verða áfram til staðar, óháð því hvaða tákn eru notuð til að lýsa námsárangri.

Í fyrirliggjandi tillögu er gert ráð fyrir að einkunnin 7 tákni að hæfniviðmiðum hafi verið náð en að einkunnirnar 8–10 lýsi aukinni dýpt, öryggi, sjálfstæði og beitingu hæfni. Þá vakna mikilvægar spurningar um hvernig tryggja eigi sameiginlegan skilning kennara á þessum hugtökum og sambærilega einkunnagjöf milli skóla.

Hið sama á við um fyrirhugaða útreikninga á vegnu meðaltali og námundun lokaeinkunna. Samræmdar reiknireglur tryggja ekki sjálfkrafa samræmi í faglegu mati. Einnig þarf að skoða hvort takmörkun lokaeinkunna við kvarðann 4–10 gefi nægilega skýra mynd af ólíkri hæfni nemenda.

Ef markmið breytinganna er aukið jafnræði nemenda, óháð því hvaða skóla þeir sækja, þarf að sýna fram á hvernig nýr einkunnakvarði stuðli að því markmiði og hvernig árangur breytinganna verði metinn.

Tími fyrir heildstæða endurskoðun aðalnámskrár

Ég tel brýnna að hefja nú markvissa og heildstæða endurskoðun aðalnámskrár grunnskóla og þróa námsmat í samhengi við hana.

Aðalnámskrá, námsefni, kennsluhættir og námsmat verða að mynda eina heild. Það er ekki nóg að skilgreina hvaða hæfni nemendur eiga að öðlast ef kennarar hafa ekki aðgang að fjölbreyttu, vönduðu og aðgengilegu námsefni sem styður við markmið námskrárinnar.

Við þurfum að tryggja að námsefni sé í takt við þá námskrá sem kennt er eftir. Kennarar þurfa að hafa raunhæfar forsendur til að vinna samkvæmt henni og námsmatið þarf að endurspegla þá þekkingu, leikni og hæfni sem við viljum að nemendur öðlist.

Þar liggja að mínu mati mikilvægari og umfangsmeiri verkefni en að breyta einkunnakvarðanum einum og sér.

Fyrirsjáanleiki, undirbúningur og eignarhald

Breytingar á skólastarfi þurfa að vera vel undirbúnar og fyrirsjáanlegar. Þær eiga að byggjast á faglegum rökum, skýrri framtíðarsýn og raunverulegri þátttöku þeirra sem eiga að innleiða þær.

Það er ekki nóg að kynna kennurum og skólastjórnendum breytingar eftir að meginákvarðanir hafa verið teknar. Fagfólkið þarf að fá tækifæri til að taka þátt í hugmyndavinnunni, hafa áhrif á mótun breytinganna og þróa sameiginlegan skilning á markmiðum þeirra.

Slík þátttaka skapar eignarhald, eykur traust og eykur líkurnar á að breytingarnar skili þeim árangri sem að er stefnt.

Skólastarf byggist á langtímaskipulagi. Kennarar skipuleggja kennslu og námsmat með góðum fyrirvara og skólastjórnendur þurfa að samræma skólanámskrár, starfsþróun og annað faglegt starf. Þegar grundvallarbreytingar eru boðaðar eftir að skólaárið er hafið, með skömmum innleiðingartíma, skapast óvissa. Þá er hætta á að orka skólanna fari fyrst og fremst í að uppfylla nýjar formkröfur í stað þess að þróa faglegt starf.

Samkvæmt tillögunni eiga grunnskólar að hafa birt endurskoðaðar skólanámskrár eigi síðar en 10. janúar 2027. Það er afar skammur tími til að undirbúa breytingar af þessari stærðargráðu, ekki síst þar sem skólaárið er þegar hafið.

Skólunum hafa heldur ekki borist leiðbeiningar eða stuðningsefni sem gætu auðveldað innleiðinguna. Hver skóli þarf því að túlka breytingarnar á eigin forsendum. Það vinnur beinlínis gegn markmiðinu um samræmi.

Það er eðlileg krafa til stjórnvalda að breytingar á skólastarfi fylgi raunhæfri tímaáætlun og vönduðu innleiðingarferli. Í slíku ferli þarf að tryggja tíma til faglegrar umræðu, starfsþróunar og undirbúnings.

Nýtum krafta allra sem koma að skólastarfi

Kennarasamband Íslands hefur kynnt verkefnið Blásum byr í seglin, þar sem kallað er eftir víðtæku samtali um framtíð íslensks menntakerfis. Með því skapast kjörið tækifæri til að leiða saman alla þá sem bera ábyrgð á skólastarfi og þróun þess. Þeir eru ráðuneytið, Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, sveitarfélögin, kennarastéttin og þeir háskólar sem sinna kennaramenntun í landinu.

Ég tel að ráðuneytið eigi að nýta það tækifæri og hafa frumkvæði að sameiginlegri vinnu þessara aðila, auk fulltrúa grunn- og framhaldsskóla, um heildstæða endurskoðun aðalnámskrár og þróun námsefnis og námsmats. Ráðuneytið þarf að vera virkur þátttakandi í þeirri vinnu og bera ábyrgð á stefnumörkun og framgangi hennar, en ekki aðeins setja ramma og bíða niðurstaðna.

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu gegnir lykilhlutverki í þessu samhengi. Stofnunin ber ábyrgð á útgáfu námsefnis og stuðningi við skóla og hefur því forsendur til að tengja saman námskrá, námsefni og námsmat. Mikilvægt er að hún komi að vinnunni frá upphafi og að henni verði tryggt bolmagn til að fylgja breytingunum eftir með námsefni, leiðbeiningum og faglegum stuðningi við skólana.

Sveitarfélögin reka grunnskólana og bera ábyrgð á starfsumhverfi þeirra, starfsþróun og fjármögnun. Breytingar á námskrá og námsmati hafa bein áhrif á rekstur skólanna. Því þurfa sveitarfélögin að eiga aðild að mótun breytinganna og innleiðingu þeirra, til dæmis í gegnum Samband íslenskra sveitarfélaga.

Kennarar búa yfir ómetanlegri reynslu af daglegu skólastarfi. Háskólarnir búa yfir rannsóknaþekkingu og mennta þá kennara sem starfa munu samkvæmt námskránni. Þessa þekkingu þarf að virkja í sameiginlegu þróunarstarfi.

Slík vinna þarf að hafa skýr markmið, raunhæfa tímaáætlun og nægilegt fjármagn, og tryggja þarf stuðning við innleiðingu. Þar skiptir verkaskipting ríkis og sveitarfélaga miklu máli.

Gefum okkur tíma til að gera þetta vel

Ég legg til að fallið verði frá því að innleiða fyrirliggjandi breytingar á einkunnagjöf við lok grunnskóla strax á yfirstandandi skólaári.

Þess í stað verði hafin markviss, tímasett og faglega leidd vinna við heildstæða endurskoðun aðalnámskrár grunnskóla, þróun fjölbreytts námsefnis og endurskoðun námsmats. Sú vinna fari fram undir forystu ráðuneytisins og í nánu samstarfi við Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, sveitarfélögin, Kennarasamband Íslands, háskólana og skólafólk.

Þetta er ekki ákall um að halda í óbreytt ástand eða fresta nauðsynlegum umbótum um óákveðinn tíma. Þvert á móti er þetta ákall um metnaðarfullar breytingar sem byggjast á þekkingu, reynslu, samráði og skýrri framtíðarsýn.

Kennarar og skólastjórnendur eiga ekki aðeins að vera viðtakendur breytinga. Þeir eiga að vera virkir þátttakendur í að móta þær.

Við eigum ekki að flýta okkur að breyta því hvernig niðurstöður námsmats eru birtar áður en við höfum tekið sameiginlega ákvörðun um hvað við viljum kenna, hvað við viljum meta, hvers vegna og hvernig.

Gefum okkur tíma til að gera þetta vel. Það er í þágu nemenda, kennara og íslensks skólastarfs til framtíðar.